

Þessar leiðbeiningar eru nánari útlitun á verklagi skv. VLY-045 varðandi:

- A. Velferð dýra
- B. Matvælaöryggi í frumframleiðslu
- C. Dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

A. Dýravelferð

Tilvísun í lagagreinar varðar lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

i. Kæra til lögreglu eða stjórnvaldssekt

Varði meint brot á velferð dýra bæði stjórnvaldssektum (42. gr) og refsábyrgð (45. gr) metur Ad hoc-teymið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiriháttar ber Matvælastofnun að vísa þeim til lögreglu. Upplýsingar um málsatvik og öll gögn tengd málinu skulu liggja fyrir, eins og kostur er, þegar héraðsdýralæknir vísar máli til Ad hoc-teymis til ákvörðunartöku. Ad hoc-teymið aflar frekari gagna ef þörf krefur, s.s. fyrri afskipti Matvælastofnunar af viðkomandi umráðamanni.

Mál eru metin í reiknilíkani Matvælastofnunar (sniðmát fyrir sektarútreikninga sem vistað er í gagnasafni ÁAÐ teymis (á teams) þar sem tekið er tillit til alvarleika brots, hvað það hafi staðið lengi, hvort brot sé ítrekað, hvort um ásetning er að ræða og samstarfsvilja hins brotlega. Skali er metinn út frá reiknilíkani þar sem tekið er mið af alvarleika og varanleika) og þá fengin út grunnstig. Heildarstigafjöldi er reiknaður út frá margfeldum sem byggja á ofangreindum fjölda dýra, ásetning og ef um ítrekuð brot er að ræða. Ad hoc-teymið metur út frá stigafjölda og öðrum þáttum hvort leggja eigi á stjórnvaldssekt, hvort kæra eigi til lögreglu eða málið fellt niður. Skriflegt mat á ofangreindum þáttum skal liggja fyrir innan tveggja vikna á EBL-124 (í gæðahandbók). Útfyllt eyðublað er vistað í málinu.

Í framhaldi af mati Ad hoc-teymis skulu brot flokkuð í annað hvort Ai-1 kæra til lögreglu eða Ai-2 stjórnvaldssekt.

i-1 Kæra til lögreglu – málalykill 4.14.3

Kæra til lögreglu skal alltaf metin sem möguleiki ef alvarleiki skv. reiknilíkani er ≥ 8 . Þegar fyrirhugað er að fara fram á heimildarsviptingu skv. 44. gr. laga nr. 55/2013 skal málið að öllu jöfnu kært til lögreglu. Jafnframt skal kæra mál til lögreglu þegar stofnunin telur sig ekki geta upplýst eða rannsakað málsatvik nægilega vel. Allar sektir sem fara yfir hámarkssektarheimild (1.000.000 kr fyrir sekt eða ef tvöfalt hagnaðarbrot er metið $>5.000.000$ kr.) skal „sjálfkrafa“ kæra til lögreglu. Einnig brot sem teymið telur refsiverð, en falla aðeins undir 45. gr. – refsíbyrgð en ekki 42. gr. – stjórnvaldssekt laganna um velferð dýra (8. gr. tilkynningarskylda, 22. gr. merkingar og skráningar, 24. gr. handsömun dýra og 25. gr. dreifing og merking dýraafurða).

i-2 Stjórnvaldssekt – málalykill 4.14.1

Brot sem falla undir 42. gr - stjórnvaldssektir og falla ekki undir i-1, en Ad hoc-teymið metur sem refsiverð, skulu varða stjórnvaldssekt sem getur numið frá kr. 10.000 til 1.000.000,-. Upphæð sektar skal metin samkvæmt reiknilíkani stofnunarinnar. Sekt fyrir hagnaðarbrot skal vera tvöfaldur hagnaður, en þó aldrei hærri en kr. 5.000.000,-.

ii. Þvingunarúrræði – dýravelferð

Alvarleg frávik og ítrekuð frávik á atriðum þar sem úrbótum hefur ekki verið sinnt innan gefins tímafrests. Í tilviki frávika þurfa að liggja fyrir 1-3 skýrslur þar sem úrbótum hefur ekki verið sinnt af umráðamanni. Ákvörðun um þvingunarúrræði skal tekin af Ad hoc-teyminu þó með þeim undantekningum sem koma fram í fyrstu málsgrein Bi-1. Þvingunarúrræði geta verið eftirfarandi (tilvísun í sviga í ákvæði laga nr. 55/2013):

- **Takmarka eða stöðva starfsemi.** Alvarleg tilvik eða ítrekuð frávik. Við stöðvun er heimilt að leita aðstoðar lögreglu (35. gr).

- **Dagsektir.** Skv. reglugerð 940/2015 (2. gr) er heimilt að leggja á dagsektir að hámarki kr. 100.000,- á dag. Þær gilda frá degi ákvörðunar og fram að degi sem skyldu er fullnægt. Sjö daga frestur er veittur til að koma að skriflegum andmælum. Ef úrbætur eru gerðar innan 5 daga frá því sektir eru lagðar á falla þær niður.

Allar ákvarðanir um dagsektir ber að senda með ábyrgðarpósti til þess sem þær beinast að. Þær ber að auki að senda í netfang hins sama ef það liggur fyrir. Ef netfang liggur ekki skal lögfræðingur kanna hjá Íslandspósti að liðnum 5 dögum hvort og hvenær bréfið var mótttekið. Ekki er hægt að hefja innheimtu dagsekta fyrr en ofangreindir 5 virkir dagar eru liðnir án þess að tilkynnt hafi verið um úrbætur. Ef netfang liggur fyrir er viðtakandi beðinn í bréfinu að staðfesta móttöku þess til MAST með tölvupósti. Geri hann það ekki skal samt litið svo á að 5 daga fresturinn byrji að líða frá þeim degi sem tölvupósturinn var sendur.
- **Úrbætur á kostnað umráðamanns.** Ef umráðamaður dýra verður ekki við tilmælum, getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað (36. gr). Upplýsa þarf bókara og innheimtufulltrúa um endurinnheimtu útlagðs kostnaðar með tilvísun í málsnúmer.
- **Vörslusvipting dýra og haldlagning.** Matvælastofnun hefur heimild til vörslusviptingar ef umráðamaður hefur ekki sinnt fyrirmælum innan tilgreinds frests (37. gr.). Við undirbúning er stuðst við GAT-048. Ákveðið er hvort dýrin skulu flutt burt eða haldið þar sem þau eru og gerir héraðsdýralæknir þá tímabundinn „bústjórasamning“ við tiltekinn aðila. Heimilt er að leita aðstoðar lögreglu. Heimilt er að aflífa dýr að liðnum 2 sólarhringum ef ekki finnast viðunandi aðstæður/aðbúnaður. Sláturleyfishöfum er skylt að taka á móti slíkum dýrum án tafar óski Matvælastofnun þess. Heimilt er að haldleggja tól og tæki ætluð til að meiða dýr í haldi manna (37. gr.). Ef um vörslusviptingu á sauðfé er að ræða metur héraðsdýralæknir í samráði við sérgreinadýralækni sauðfjár hvort tilefni sé til að kanna sérstaklega hvort í hjörðinni sé arfgerðarhreint fé sem mögulega ætti að undanskilja aflifun.
- **Tímabundið bann við dýrahaldi.** Matvælastofnun má fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipta umráðamann heimild til að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið (39. og 44. gr).
- **Leyfissvipting.** Hægt er að svipta leyfishafa til flutnings dýra leyfi, en einungis eftir viðvörun og að leyfishafa hafi verið gefinn frestur til að bæta úr annmörkum (43. gr).

ii-1 Alvarleg mál dýravelferð

Brot, sem falla undir 38. gr. -*úrbætur þola ekki bið*, geta verið svo aðkallandi að ekki sé skylt að gefa kost á skriflegum andmælum áður en ákvörðun er tekin eða aðgerðir eru framkvæmdar, s.s tafarlaus vörslusvipting eða aflifun. Eftir sem áður skal gefa kost á andmælum á staðnum ef kostur er á. Ef úrbætur þola enga bið skal eftirlitsteymi eða skoðunarmaður taka ákvörðun og framkvæma ákvörðunina en í samráði við héraðsdýralækni ef þess er kostur, eða upplýsa hann eins fljótt og auðið er. Héraðsdýralæknir stofnar svo málið í One skv VLY-045. Framangreindar aðgerðir skulu gerðar í samráði við eða samkvæmt fyrirmælum lögreglu.

Fulltrúi(ar) héraðsdýralæknis skal (skulu) vera viðstaddur(staddir) framkvæmd vörslusviptingar og/eða aflifunar. Þurfi að aflífa dýr á staðnum getur viðkomandi gert það með samþykki eiganda dýrs, eða eigandinn gerir það sjálfur hafi aðilar uppfyllt lagalegar kröfur til aflifunar. Ef um gæludýr er að ræða, þá er aflifun eingöngu framkvæmd af dýralækni. Þegar aflifun er framkvæmd án samþykkis eiganda, er aðstoðar lögreglu leitað eftir þörfum.

B. Matvælaöryggi

Tilvísun í lagagreinar varðar lög nr. 93/1995 um matvæli

i. Refsing

i-1 Kæra til lögreglu – málalykill 4.14.3

Hægt er að kæra alvarleg brot á lögum um matvæli til lögreglu sbr. 31 gr. sem getur varðað sektum eða fangelsi. .

i-2 Stjórnvaldssektir – málalykill 4.14.1

Engin heimild er fyrir Matvælastofnun til að leggja á stjórnvaldssekt nema brot gegn 6. mgr. 8. gr. a) í lögum um matvæli.

ii. Þvingunarúrræði – matvælaöryggi

- **Takmarka eða stöðva starfsemi.** Heimilt er að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að a) matvæli séu heilsuspillandi b) óhæf til neyslu c) valdi tjóni á öðrum hagsmunum (1. mgr. 30. gr). Gildir einnig ef starfsemi er stunduð án leyfis (2. mgr. 30. gr).
- **Fyrirmæli, haldlagning og förgun.** Þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laganna. Hægt er að gefa fyrirmæli um afmengun matvæla, stöðvað eða takmarka framleiðslu eða markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau. Förgun er heimil eftir haldlagningu ef nauðsyn krefur (3. mgr. 30. gr). Stöðvun starfsemi og förgun skal því aðeins beitt að eitt af þremur skilyrðum sé uppfyllt a) tilvikið sé alvarlegt b) ítrekað brot c) úrbótum ekki sinnt innan tiltekins frests.
- **Áminning.** Matvælastofnun getur veitt opinbera áminningu eftir að tilhlýðilegur frestur til úrbóta hefur verið gefinn en úrbætur ekki gerðar. (4. mgr. 30. gr).
- **Dagsektir.** Heimildir til dagsekta sem þvingunarúrræði vegna matvælaöryggis eru í 30. gr. a Skv. reglugerð 767/2010 er hámark dagsekta kr. 500.000,- á dag.
- **Úrbætur á kostnað matvælafyrirtækis.** Jafnframt dagsektum er Matvælastofnun heimilt að láta vinna verk á kostnað matvælafyrirtækis ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt (30. gr. a).

ii-1 Alvarleg mál – hollustuhættir í frumframleiðslu (einnig sláturhús og mjólkurhús)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd (30. gr. c). Rétt er að veita andmælarétt á staðnum nema ef slíkt telst augljóslega óþarft (útilokað að andmæli geti breytt ákvörðuninni).

Ef úrbætur þola enga bið skal eftirlitsteymi eða skoðunarmaður taka ákvörðun (í samráði við héraðsdýralækni ef hægt er) og framkvæma ákvörðunina. Héraðsdýralæknir stofnar svo málið í One skv VLY-045.

iii. Aðrar aðgerðir - málalykill 4.14.7

Svipting starfsleyfis

Leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef leyfishafi er sekur um ítrekuð og alvarleg brot skv. lögnum (2. mgr. 20. gr).

C. Smitsjúkdómar málalykill 4.14.6

Skv lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt reglugerðum af þeim.

Ef brotið er á ákvæðum laganna getur Matvælastofnun:

i. Refsing, þvingunarræði og aðrar aðgerðir

i-1 Kært til lögreglu

Refsiheimild í 30. gr. varðar sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Í riðureglugerðinni nr. 651/2001 17. gr. kveður á um refsíákvæði og brot á reglugerðinni varða 30. gr. laganna.

i-2 Sérstakar þvingunaraðgerðir

Matvælastofnun er heimilt að fyrirskipa á kostnað eiganda sérstakar merkingar á búfé þar sem slíkt er nauðsynlegt (24. gr.) Yfirdýralækni [Matvælastofnun] er heimilt að banna hverskonar merkingar í varnarhólfum.

i-3 Varnaraðgerðir (IV. kafli)

Varðandi dýr, dýraafurðir, vélar og verkfæri sem hægt er að beita að fengnum tillögum Matvælastofnunnar en fyrirskipað af ráðherra koma fram í 8. gr.

i-4 Fyrirbyggjandi aðgerðir (V. kafli)

Ef að mati Matvælastofnunar má ætla að heilbrigði dýra sé sérstök hættu búin er ráðherra heimilt að takmarka eða banna dýrahald (9. gr.).

Matvælastofnun fær ákveðnar heimildir til að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnasvæða (11. gr.).

i-5 Aðgerð sem þolir ekki bið

Línubrjóta eða fé sem vekur grunsemdir skal einangra og lóga á staðnum eða slátra (25 gr). Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt við fyrsta tækifæri. Héraðsdýralæknir getur tekið þá ákvörðun, að fengnu samþykki yfirdýralæknis [Matvælastofnun] og tillögum sveitastjórnar að slátra skuli fé sem kemur fyrir að hausti fjarri heimahögum eða öðru fé og kann að stafa smithætta af (rgl. 651/2001 6 gr).

D. Aðgerða ekki þörf

Ad hoc-teymið metur að refsing/þvingun eigi ekki við. Teymið metur í framhaldinu hvort rétt sé að senda i) viðvörunarbréf eða ii) hvort málið er látið niður falla og eftirlitsþegi upplýstur um það.

i. Viðvörun – málalykill 4.14.4

Héraðsdýralæknir skrifar og sendir bréf í þeim tilgangi að hindra að brot endurtaki sig. Brotinu og málsatvikum er lýst með tilvitnun í viðeigandi löggjöf. Í bréfinu skal viðkomandi veitt viðvörun og hann upplýstur um að endurtekið brot muni hafa í för með sér að þvingunar og/eða refsíúrræðum verði þá beitt af hálfu Matvælastofnunar.

Mál felld niður – málalykill 4.14.2

Ný málsgögn, rannsókn eða aðrar ástæður leiða til þess að Ad hoc-teymið metur það svo að ekki sé um brot að ræða eða ekki séu nægjanleg gögn í málinu til að sýna fram á brot.